

Til foreldra unglinga
á framhaldsskólaaldri

18 ÁRA ÁBYRGÐ

SLAKA Á TAUMNUM
EN EKKI SLEPPA



**Til hamingju með
framhaldsskóla-
nemann þinn!**

Framundan eru ný og spennandi verkefni, sem þarfnast áframhaldandi handleiðslu foreldra.

18 ÁRA ÁBYRGÐ



Til foreldra unglunga á framhaldsskólaaldri

Framundan eru ný og spennandi verkefni, sem þarfnast áframhaldandi handleiðslu foreldra.

18 ára ábyrgð, slaka á taumnum – ekki sleppa

Á þessum tímamótum, sem fela í sér mikla breytingu á lífi unglingsins, er nauðsynlegt að foreldrar haldi áfram að leiðbeina, ræða málin og setja skýr mörk. Rannsóknir sýna að unglingar sem fá umhyggju, aðhald og eftirlit foreldra sinna líður betur, gengur betur í skóla og neyta síður áfengis og annarra vímuefna.

Stuðningur til náms

Mikilvægt er að foreldrar sýni námi unglunga sinna áhuga, styðji þá og veiti þeim aðhald. Foreldrar geta fengið lykilorð og aðgang að vef skólans þar sem hægt er að fylgjast með skólasókn og einkunnum unglingsins þar til hann nær 18 ára aldri. Foreldrar bera ábyrgð og eiga að grípa inn í ef þá grunar að ekki sé allt með felldu. Í framhaldsskólum eru umsjónarkennarar, námsráðgjafar og forvarnafulltrúar sem foreldrar geta leitað til með hvers kyns mál.



Félagslíf

Námi í framhaldsskóla fylgir oft á tíðum öflugt og fjölbreytt félagslíf. Það er jákvætt enda öðlast nemendur þar reynslu sem þroskar þá og eflir. Þó er nauðsynlegt að foreldrar setji mörk, ræði við unglingana og gripi inn í ef námið líður fyrir félagslífið.

Nýir vinir

Unglingar eignast nýja vini og kunningja í framhaldsskóla. Það er gott að foreldrar leggi sig fram um að kynnast þessum nýju vinum og þeirra daglega umhverfi.

Skemmtanir

Um skemmtanir framhaldsskóla gilda reglur sem nauðsynlegt er að foreldrar kynni sér. Partý eru vinsæl hjá unglungum á framhaldsskólaaldri. Jákvætt er að foreldrar opni heimili sín fyrir vinum þeirra en mikilvægt er að alltaf sé einhver ábyrgur fullorðinn til staðar. Lítið þarf til að samkvæmi fari úr böndunum og að unglingarnir lendi í aðstæðum sem þeir ráða ekki við. Foreldrar sem samþykkja drykkju unglunga í heimahúsum eru samtímis að leyfa unglungum annarra að drekka án vitundar foreldra þeirra.



Notkun áfengis

Samkvæmt landslögum er óheimilt að selja, útvega og afhenda unglíngum undir 20 ára aldri áfengi. Nauðsynlegt er að foreldrar taki höndum saman, setji skýr mörk og spyrni í sameiningu við áfengisneyslu unglínga á framhaldsskólaaldri. Með því að útvega unglíngum áfengi eru foreldrar búnir að samþykkja drykkjuna. Norrænar rannsóknir sýna að þeir unglíngar sem fá áfengi heima hjá sér drekka meira og er því hættara við að lenda í vandræðum sem tengjast áfengisdrykkju.

Að bíða er betra

Það er mikilvægt að unglíngar fái stuðning frá fjölskyldu og skóla til að standa við þá ákvörðun sína að nota ekki tóbak, drekka ekki áfengi né neyta ólöglegra vímuefna. Það hefur sýnt sig að þeir sem bíða með að neyta áfengis og tóbaks eða sleppa því eru líklegri að tileinka sér heilbrigðan lífstíl.

Gagnlegar upplýsingar

Flestir framhaldsskólar hafa heimasíðu þar sem m.a. má finna upplýsingar um félagslíf og forvarnastefnu skólans, nöfn og netföng starfsmanna. Framhaldsskólum er skylt að hafa starfandi foreldraráð við skólann. Mikilvægt er að kynna sér hvort svo sé í skóla unglingsins, hvernig starfseminni er háttað og taka þátt í því starfi.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Heilsueflandi framhaldsskóli er nálgun sem var þróuð í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og Samband íslenskra framhaldsskólanna (SÍF), undir formerkjum HoFF-samstarfsins, og býður upp á heildræna stefnu í forvörnum og heilsueflingu. Hún gerir framhaldsskólum kleift að mynda á hagnýtan hátt skýran ramma utan um þennan málaflokk og jafnframt tengja starfið betur við grenndarsamfélagið og foreldra. Haustið 2011/2012 verða 31 framhaldsskólar þátttakendur.

SAMAN

www.samanhopurinn.is

HOFF HEILSUEFLING
OG FORVARNIR
Í FRAMHALDSSKÓLUM



POKASJÓÐUR

**18 ára ábyrgð á börnum okkar eru ekki innantóm orð,
nærgætni, virðing og handleiðsla foreldra skiptir máli**